

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu nr. 281/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Aftan við 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. komi tveir nýir töluliðir:

- 3) Ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.
- 4) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utánríkisráðuneytinu, 20. mars 2014.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Jón Egill Egilsson.

Fylgiskjal 1.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS 2014/145/SSUÖ****frá 17. mars 2014****um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða****sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 6. mars 2014 fordæmdu ríkis- eða ríkisstjórnarleiðtogar aðildarríkja Evrópusambandsins harðlega tilefnislaus brot Rússneska sambandsríkisins gegn fullveldi og landamærahelgi Úkraínu og hvöttu Rússneska sambandsríkið til að kalla herafla sinn þegar í stað aftur til fastra herstöðva sinna í samræmi við viðeigandi samninga. Þeir hvöttu einnig Rússneska sambandsríkið til að veita alþjóðlegum eftirlitsaðilum þegar í stað aðgang. Ríkis- eða ríkisstjórnarleiðtogarnir töldu að ákvörðun löggjafarþings sjálfstjórnarlýðveldisins Kríms (e. Supreme Council of the Autonomous Republic of Crimea) um að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíðarstöðu svæðisins bryti gegn stjórnarskrá Úkraínu og væri því ólögleg.
- 2) Ríkis- eða ríkisstjórnarleiðtogarnir ákváðu að grípa til aðgerða, þ.m.t. þeirra sem ráðið fyrirhugaði 3. mars 2014 og felast í að fresta tvíhliða viðræðum við Rússneska sambandsríkið um málefni varðandi vegabréfs-áritanir og viðræðum við Rússneska sambandsríkið um nýjan heildarsamning sem kæmi í stað samvinnu- og samstarfssamningsins sem nú er í gildi.
- 3) Ríkis- eða ríkisstjórnarleiðtogarnir lögðu áherslu á að finna ætti lausn á ástandinu með samninga-viðræðum milli ríkisstjórna Úkraínu og Rússneska sambandsríkisins, þ.m.t. með hugsanlegu marghliða fyrirkomulagi, og að ef niðurstöður nást ekki innan takmarkaðs tímaramma muni Sambandið ákveða viðbótaraðgerðir, svo sem að setja ferðabann, frysta eignir og aflýsa leiðtogafundi ESB og Rússlands.
- 4) Í ljósi núverandi aðstæðna ætti að beina ferðatakmarkunum og frystingu eigna gegn tilteknum aðilum sem bera ábyrgð á aðgerðum sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, þ.m.t. aðgerðum sem varða framtíðarstöðu hvaða hluta svæðisins sem er og brjóta í bága við stjórnarskrá Úkraínu, og aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem tengjast þeim.
- 5) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Evrópusambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að þeir einstaklingar sem bera ábyrgð á aðgerðum sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, og einstaklingar sem þeim tengjast, sbr. lista í viðaukanum, komi til eða fari um yfirráðasvæði þeirra.
2. Ákvæði 1. mgr. skuldbinda ekki aðildarríki til að meina eigin ríkisborgurum komu inn á yfirráðasvæði sitt.
3. Ákvæði 1. mgr. eru með fyrirvara um þau tilvik þegar aðildarríki er skuldbundið að þjóðarétti, nánar tiltekið:
 - a) sem gistiland alþjóðlegrar milliríkjastofnunar,
 - b) sem gistiland alþjóðlegrar ráðstefnu sem Sameinuðu þjóðirnar boða til eða fram fer á þeirra vegum,
 - c) samkvæmt marghliða samningi þar sem kveðið er á um forréttindi og friðhelgi eða
 - d) samkvæmt sáttasamningnum frá 1929 (Lateran-samningurinn) sem Páfástóll (Vatikanborgríkið) og Ítalía gerðu sín í milli.
4. Ákvæði 3. mgr. telst einnig gilda þegar aðildarríki er gistiland Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE).
5. Ráðinu skal tilkynnt um það, á viðeigandi hátt, ef aðildarríki veitir undanþágu skv. 3. eða 4. mgr.

6. Aðildarríki geta veitt undanþágur frá þeim ráðstöfunum sem eru gerðar skv. 1. mgr. ef ferð er réttlætlanleg af knýjandi mannúðarástæðu eða vegna þátttöku í ríkjafundum, þ.m.t. ríkjafundum sem Evrópusambandið styður eða heldur eða fundum á vegum aðildarríkis, sem gegnir formennsku í ÖSE, þar sem fram fara stjórn mála-umræður sem beinlínis stuðla að stefnumarkmiðum þvingunaraðgerðanna, þ.m.t. stuðningur við landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.

7. Aðildarríki, sem óskar eftir að veita undanþágur er um getur í 6. mgr., skal tilkynna ráðinu það skriflega. Undanþágan telst veitt nema einn eða fleiri fulltrúar ráðsins andmæli því skriflega innan tveggja virkra daga frá því að tilkynningu um fyrirhugaða undanþágu er veitt viðtaka. Hreyfi einn eða fleiri fulltrúar ráðsins andmælum getur ráðið ákveðið að veita áformaða undanþágu með auknum meirihluta.

8. Í þeim tilvikum, skv. 3., 4., 6. og 7. mgr., þegar aðildarríki heimilar komu einstaklinga, sem tilgreindir eru í listanum í viðaukanum, inn á yfirráðasvæði sitt eða för þeirra um það, skal heimildin takmörkuð við þann tilgang sem hún er veitt í og viðkomandi einstakling.

2. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklinga sem bera ábyrgð á aðgerðum sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, og einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem þeim tengjast, sbr. lista í viðaukanum.

2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur einstaklingum eða lögaðilum, rekstrar-einingum eða stofnunum, sem tilgreind eru í viðaukanum, með beinum eða óbeinum hætti.

3. Lögbært stjórnvald í aðildarríki getur heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem það telur viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:

- nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga sem taldir eru upp í viðaukanum og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og læknis meðferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
- einungis ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun eða til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu,
- eingöngu ætlaður til að greiða þóknanir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða
- nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að lögbært stjórnvald hafi kunngjört lögbærum stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni forsendurnar fyrir því að það telji að veita ætti sérstaka heimild, a.m.k. tveimur vikum áður en heimildin er veitt.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt samkvæmt þessari málsgrein.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríki heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag ákvörðunar gerðardóms, sem fyrir liggur fyrir þann dag þegar viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, er um getur í 1. mgr., var skráð í viðaukann, eða andlag ákvörðunar dómstóls eða stjórnvalds innan Evrópusambandsins eða ákvörðunar dómstóls sem er aðfararhæf í viðkomandi aðildarríki fyrir eða eftir þann dag,
- fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði einungis notaður til að uppfylla kröfur, sem þess háttar ákvörðun tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt henni, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila sem eiga slíkar kröfur kveða á um,
- ákvörðunin sé ekki í þágu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð í viðaukann og
- viðurkenning ákvörðunarinnar stríði ekki gegn allsherjarreglu í viðkomandi aðildarríki.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt samkvæmt þessari málsgrein.

5. Ákvæði 1. mgr. kemur ekki í veg fyrir að einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun á listanum geti innt af hendi greiðslu samkvæmt samningi sem var gerður áður en slíkur einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun var færð á listann í viðaukanum, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi gengið úr skugga um að einstaklingurinn, lögaðilinn, rekstrareiningin eða stofnunin, sem um getur í 1. mgr., fái ekki greiðsluna í hendur með beinum eða óbeinum hætti.

6. Ákvæði 2. mgr. gildir ekki um viðbætur eftirtalinnna fjármuna við frysta reikninga:

- a) vaxta eða annarra tekna af fyrrnefndum reikningum,
- b) greiðslna samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag þegar fyrrnefndir reikningar urðu viðfang aðgerðanna, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr., eða
- c) greiðslna, sem inna ber af hendi samkvæmt ákvörðunum dóms, stjórnáskilgæfustofnunar eða gerðardóms sem teknar eru í Evrópusambandinu eða eru aðfararhæfar í viðkomandi aðildarríki,

að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur falli áfram undir aðgerðirnar sem kveðið er á um í 1. mgr.

3. gr.

1. Ráðið skal, að fenginni tillögu frá aðildarríki eða æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, taka ákvörðun um að stofna listann í viðaukanum og samþykkja breytingar á honum.

2. Ráðið skal tilkynna ákvörðunina, sem um getur í 1. mgr., m.a. ástæðu þess að viðkomandi er færður á lista, þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem í hlut á, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum aðila, rekstrareiningu eða stofnun býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

3. Komi fram athugasemdir eða séu ný, traust gögn lögð fram skal ráðið endurskoða ákvörðunina, sem um getur í 1. mgr., og upplýsa hlutaðeigandi aðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.

4. gr.

1. Í viðaukanum skal tilgreina ástæður þess að einstaklingar eða lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr., eru færð á lista.

2. Í viðaukanum skulu og vera nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.

5. gr.

Evrópusambandið skal, til að þær aðgerðir sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. hafi sem mest áhrif, hvetja þriðju ríki til að samþykkja þvingunaraðgerðir í líkingu við þær sem kveðið er á um í ákvörðun þessari.

6. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvörðun þessi gildir til 17. september 2014.

Hún skal vera í stöðugri endurskoðun. Hún skal endurnýjuð eða henni breytt, eftir atvikum, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.

Gjört í Brussel 17. mars 2014.

Fyrir hönd ráðsins,

C. ASHTON

forseti.

VIDAUKI

Listi yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem vísað er til í 1. og 2. gr.

	Nafn	Upplýsingar til auðkenningar	Ástæður	Dagsetning færslu á lista
1.	Sergey Valeryevich Aksyonov	d.o.b. 26.11.1972	Aksyonov was elected “Prime Minister of Crimea” in the Crimean Verkhovna Rada on 27 February 2014 in the presence of pro-Russian gunmen. His “election” was decreed unconstitutional by Oleksandr Turchynov on 1 March. He actively lobbied for the “referendum” of 16 March 2014.	17.3.2014
2.	Vladimir Andreevich Konstantinov	d.o.b. 19.03.1967	As speaker of the Supreme Council of the Autonomous Republic of Crimea, Konstantinov played a relevant role in the decisions taken by the Verkhovna Rada concerning the “referendum” against territorial integrity of Ukraine and called on voters to cast votes in favour of Crimean Independence.	17.3.2014
3.	Rustam Ilmirovich Temirgaliev	d.o.b. 15.08.1976	As Deputy Chairman of the Council of Ministers of Crimea, Temirgaliev played a relevant role in the decisions taken by the Verkhovna Rada concerning the “referendum” against territorial integrity of Ukraine. He lobbied actively for integration of Crimea into the Russian Federation.	17.3.2014
4.	Deniz Valentinovich Berezovskiy	d.o.b. 15.07.1974	Berezovskiy was appointed commander of the Ukrainian Navy on 1 March 2014 and swore an oath to the Crimean armed force, thereby breaking his oath. The Prosecutor-General’s Office of Ukraine launched an investigation against him for high treason.	17.3.2014
5.	Aleksei Mikhailovich Chaliy	d.o.b. 13.06.1961	Chaliy became “Mayor of Sevastopol” by popular acclamation on 23 February	17.3.2014

			2014 and accepted this “vote”. He actively campaigned for Sevastopol to become a separate entity of the Russian Federation following a referendum on 16 March 2014.	
6.	Pyotr Anatoliyovych Zima		Zima was appointed as the new head of the Crimean Security Service (SBU) on 3 March 2014 by “Prime Minister” Aksyonov and accepted this appointment. He has given relevant information including a database to the Russian Intelligence Service (SBU). This included information on Euro-Maidan activists and human rights defenders of Crimea. He played a relevant role in preventing Ukraine’s authorities from controlling the territory of Crimea.	
			On 11 March 2014 the formation of an independent Security Service of Crimea has been proclaimed by former SBU officers of Crimea.	17.3.2014
7.	Yuriy Zherebtsov		Counsellor of the Speaker of the Verkhovna Rada of Crimea, one of the leading organizers of the 16 March 2014 “referendum” against Ukraine’s territorial integrity.	17.3.2014
8.	Sergey Pavlovych Tsekov	d.o.b. 28.03.1953	Vice Speaker of the Verkhovna Rada; Tsekov initiated together with Sergey Aksyonov the unlawful dismissal of the government of the Autonomous Republic of Crimea (ARC). He drew into this endeavour Vladimir Konstantinov, threatening him with his dismissal. He publicly recognized that the MPs from Crimea were the initiators of inviting Russian soldiers to take over Verkhovna Rada of Crimea. He was one of the first Crimean Leaders to ask in	17.3.2014

			public for annexation of Crimea to Russia.	
9.	Ozerov, Viktor Alekseevich	d.o.b. 5.1.1958 in Abakan, Khakassia	Chairman of the Security and Defense Committee of the Federation Council of the Russian Federation.	
			On 1 March 2014 Ozerov, on behalf of the Security and Defense Committee of the Federation Council, publicly supported in the Federation Council the deployment of Russian forces in Ukraine.	17.3.2014
10.	Dzhabarov, Vladimir Michailovich	d.o.b. 29.9.1952	First Deputy-Chairman of the International Affairs Committee of the Federation Council of the Russian Federation.	
			On 1 March 2014 Dzhabarov, on behalf of the International Affairs Committee of the Federation Council, publicly supported in the Federation Council the deployment of Russian forces in Ukraine.	17.3.2014
11.	Klishas, Andrei Aleksandrovich	d.o.b. 9.11.1972 in Sverdlovsk	Chairman of the Committee on Constitutional Law of the Federation Council of the Russian Federation.	
			On 1 March 2014 Klishas publicly supported in the Federation Council the deployment of Russian forces in Ukraine. In public statements Klishas sought to justify a Russian military intervention in Ukraine by claiming that "the Ukrainian President supports the appeal of the Crimean authorities to the President of the Russian Federation on landing an all-encompassing assistance in defense of the citizens of Crimea".	17.3.2014
12.	Ryzhkov, Nikolai Ivanovich	d.o.b. 28.9.1929 in Duleevka, Donetsk region, Ukrainian SSR	Member of the Committee for federal issues, regional politics and the North of the Federation Council of the Russian Federation.	

			On 1 March 2014 Ryzhkov publicly supported in the Federation Council the deployment of Russian forces in Ukraine.	17.3.2014
13.	Bushmin, Evgeni Viktorovich	d.o.b. 4.10.1958 in Lopatino, Sergachiisky region, RSFSR	Deputy Speaker of the Federation Council of the Russian Federation.	
			On 1 March 2014 Bushmin publicly supported in the Federation Council the deployment of Russian forces in Ukraine.	17.3.2014
14.	Totoonov, Aleksandr Borisovich	d.o.b. 3.3.1957 in Ordzhonikidze, North Ossetia	Member of the Committee on culture, science, and information of the Federation Council of the Russian Federation.	
			On 1 March 2014 Totoonov publicly supported in the Federation Council the deployment of Russian forces in Ukraine.	17.3.2014
15.	Panteleev, Oleg Evgenevich	d.o.b. 21.7.1952 in Zhitnikovskoe, Kurgan region	First Deputy Chairman of the Committee on Parliamentary Issues.	
			On 1 March 2014 Panteleev publicly supported in the Federation Council the deployment of Russian forces in Ukraine.	17.3.2014
16.	Mironov, Sergei Mikhailovich	d.o.b. 14.2.1953 in Pushkin, Leningrad region	Member of the Council of the State Duma; Leader of Fair Russia faction in the Duma of the Russian Federation.	
			Initiator of the bill allowing Russian Federation to admit in its composition, under the pretext of protection of Russian citizens, territories of a foreign country without a consent of that country or of an international treaty.	17.3.2014
17.	Zheleznyak, Sergei Vladimirovich	d.o.b. 30.7.1970 in St Petersburg (former Leningrad)	Deputy Speaker of the State Duma of the Russian Federation.	

			Actively supporting use of Russian Armed Forces in Ukraine and annexation of Crimea. He led personally the demonstration in support of the use of Russian Armed Forces in Ukraine.	17.3.2014
18.	Slutski, Leonid Eduardovich	d.o.b. 4.01.1968 in Moscow	Chairman of the Commonwealth of Independent States (CIS) Committee of the State Duma of the Russian Federation (member of the LDPR).	
			Actively supporting use of Russian Armed Forces in Ukraine and annexation of Crimea.	17.3.2014
19.	Vitko, Aleksandr Viktorovich	d.o.b. 13.9.1961 in Vitebsk (Belarusian SSR)	Commander of the Black Sea Fleet, Vice-Admiral.	
			Responsible for commanding Russian forces that have occupied Ukrainian sovereign territory.	17.3.2014
20.	Sidorov, Anatoliy Alekseevich		Commander, Russia's Western Military District, units of which are deployed in Crimea.	
			Commander of Russia's Western Military District, units of which are deployed in Crimea. He is responsible for part of the Russian military presence in Crimea which is undermining the sovereignty of the Ukraine and assisted the Crimean authorities in preventing public demonstrations against moves towards a referendum and incorporation into Russia.	17.3.2014
21.	Galkin, Aleksandr		Russia's Southern Military District, forces of which are in Crimea; the Black Sea Fleet comes under Galkin's command; much of the force movement into Crimea has come through the Southern Military District.	

			Commander of Russia's Southern Military District ("SMD"). SMD forces are deployed in Crimea. He is responsible for part of the Russian military presence in Crimea which is undermining the sovereignty of the Ukraine and assisted the Crimean authorities in preventing public demonstrations against moves towards a referendum and incorporation into Russia. Additionally the Black Sea Fleet falls within the District's control.	
--	--	--	---	--

Fylgiskjal 2.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) NR. 269/2014****frá 17. mars 2014****um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða****sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins, 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu ⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 6. mars 2014 fordæmdu ríkis- eða ríkisstjórnarleiðtogar aðildarríkja Evrópusambandsins harðlega tilefnislaus brot Rússneska sambandsríkisins gegn fullveldi og landamærahelgi Úkraínu og hvöttu Rússneska sambandsríkið til að kalla heraflo sinn þegar í stað aftur til fastra herstöðva sinna í samræmi við viðeigandi samninga. Þeir hvöttu einnig Rússneska sambandsríkið til að veita alþjóðlegum eftirlitsaðilum þegar í stað aðgang. Ríkis- eða ríkisstjórnarleiðtogarnir töldu að ákvörðun löggjafarþings sjálfstjórnarlýðveldisins Kríms (e. Supreme Council of the Autonomous Republic of Crimea) um að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíðarstöðu svæðisins bryti gegn stjórnarskrá Úkraínu og væri því ólögleg.

2) Ríkis- eða ríkisstjórnarleiðtogarnir ákváðu að grípa til aðgerða, þ.m.t. þeirra sem ráðið fyrirhugaði 3. mars 2014 og felast í að fresta tvíhliða viðræðum við Rússneska sambandsríkið um málefni varðandi vegabréfsáritanir og viðræðum við Rússneska sambandsríkið um nýjan heildarsamning sem kæmi í stað samvinnu- og samstarfssamningsins sem nú er í gildi.

3) Ríkis- eða ríkisstjórnarleiðtogarnir lögðu áherslu á að finna ætti lausn á ástandinu með samningaviðræðum milli ríkisstjórna Úkraínu og Rússneska sambandsríkisins, þ.m.t. með hugsanlegu marghliða fyrirkomulagi, og að ef niðurstöður nást ekki innan takmarkaðs tímaramma muni Sambandið ákveða viðbótaraðgerðir, svo sem að setja ferðabann, frysta eignir og aflýsa leiðtogafundi ESB og Rússlands.

4) Hinn 17. mars 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/145/SSUÖ þar sem kveðið er á um ferðatakmarkanir og frýstingu eigna og efnahagslegs auðs tiltekinna aðila sem bera ábyrgð á aðgerðum sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, þ.m.t. aðgerðum sem varða framtíðarstöðu hvaða hluta

svæðisins sem er og brjóta í bága við stjórnarskrá Úkraínu, og einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem tengjast þeim. Þessir einstaklingar eða lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir eru tilgreind í viðauka við ákvörðunina.

5) Sumar þessara aðgerða falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggj sé að þeim sé beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.

6) Með reglugerð þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið rétturinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi og réttur til verndar persónuupplýsingum. Beita ætti ákvæðum reglugerðar þessarar með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.

7) Vald til að breyta listanum í I. viðauka við reglugerð þessa ætti að vera í höndum ráðsins í ljósi þess alvarlega stjórn málaástands sem ríkir í Úkraínu og til þess að tryggja samræmi við gildandi aðferð við að breyta og endurskoða viðaukann við ákvörðun 2014/145/SSUÖ.

8) Verklag við breytingar á listanum í I. viðauka við reglugerð þessa ætti að fela í sér að tilkynna tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum forsendurnar fyrir skráningu á lista til þess að gera þeim kleift að gera athugasemdir. Komi fram athugasemdir eða séu traust, ný gögn lögð fram ætti ráðið að endurskoða ákvörðun sína í ljósi fyrrnefndra athugasemda og upplýsa hlutaðeigandi aðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.

9) Vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar og til að skapa sem mesta réttarvissu innan Evrópusambandsins skal birta nöfn og aðrar upplýsingar, sem máli skipta, um þá einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem nauðsynlegt er að frysta fjármuni og efnahagslegan auð hjá samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Öll vinnsla persónuupplýsinga ætti að vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽²⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ⁽³⁾.

10) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi án tafar til þess að tryggj sé að þær ráðstafanir sem þar er kveðið á um skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „krafa“: hvers kyns krafa, hvort sem staðið er fast á henni í dómsmáli eða ekki, sem er gerð fyrir eða eftir 17. mars 2014 og er samkvæmt eða tengist samningi eða viðskiptum og felur einkum í sér:
 - i. kröfu um efnindir skuldbindinga sem leiðir af eða tengjast samningi eða viðskiptum,
 - ii. kröfu um framlengingu á greiðslu skuldabréfs, fjárhagslegrar tryggingar eða skaðleysisbóta í hvaða mynd sem er,
 - iii. bótakröfu í tengslum við samning eða viðskipti,
 - iv. gagnkröfu,
 - v. kröfu um viðurkenningu eða fullnustu, m.a. með *exequatur*, dóms, úrskurðar gerðardóms eða jafngildrar ákvörðunar, óháð því hvar hann eða hún eru kveðin upp eða tekin,
- b) „samningur eða viðskipti“: hvers kyns viðskipti, óháð því hvaða lög gilda um þau, hvort sem um ræðir einn eða fleiri samninga eða á móta skuldbindingar sem sömu eða mismunandi aðilar ganga frá sín á milli; í þessu sambandi felst í hugtakinu „samningur“ skuldabréf, ábyrgð eða skaðleysistrygging, einkum fjárhagsleg trygging eða fjárhagsleg skaðleysistrygging, og lán, hvort sem þau eru lagalega óháð eður ei, einnig tengd ákvæði sem verða til vegna viðskiptanna eða í tengslum við þau,
- c) „lögbær stjórnvöld“: lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna eins og þau eru tilgreind á vefsetrunum sem talin eru upp í II. viðauka,
- d) „efnahagslegur auður“: eignir af hvers kyns toga, hvort heldur efnislegar eða óefnislegar, lausafé eða fasteignir, sem eru ekki fjármunir, en unnt er að nota til að afla sér fjármuna, vöru eða þjónustu,

- e) „fyrsting efnahagslegs auðs“: að koma í veg fyrir hvers konar nýtingu efnahagslegs auðs í því skyni að afla fjármuna, vöru eða þjónustu, þ.m.t. en þó ekki eingöngu með sölu, leigu eða veðsetningu hans,
- f) „fyrsting fjármuna“: að koma í veg fyrir hvers konar flutning, yfirfærslu, breytingu, notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni á einhvern hátt sem myndi leiða til breytinga á umfangi þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, eignarhaldi, eðli, áfangastað eða annarra breytinga sem gera notkun fjármuna mögulega, þ.m.t. stýring eignasafns,
- g) „fjármunir“: hvers kyns fjáreignir og ágóði, þ.m.t. en þó ekki eingöngu:
 - i. reiðufé, ávísanir, peningakröfur, víxlar, póstávísanir og aðrir greiðslugerningar,
 - ii. inneignir hjá fjármálastofnunum eða öðrum rekstrareiningum, inneignir á reikningum, skuldir og fjárskuldbindingar,
 - iii. verðbréf og skuldaskjöl, sem verslað er með á almennum markaði og utan hans, þ.m.t. hlutabréf og eignarhlutir, skírteini fyrir verðbréfum, skuldabréf, skuldaviðurkenningar, ábyrgðir, óverðtryggt skuldabréf og afleiðusamningar,
 - iv. vextir, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem safnast upp vegna eigna eða myndast af eignum,
 - v. lánsviðskipti, réttur til skuldajöfnunar, tryggingar, fullnustuábyrgðir eða aðrar fjárskuldbindingar,
 - vi. kreditbréf, farmbréf, sölusamningar og
 - vii. skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í fjármunum eða fjármagni,
- h) „yfirráðasvæði Evrópusambandsins“: þau yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn tekur til, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, þ.m.t. loftrými þeirra.

2. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklinga, eða einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem tengjast þeim, er um getur í I. viðauka.
2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur einstaklingum, eða einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem tengjast þeim, sem tilgreind eru í I. viðauka, með beinum eða óbeinum hætti.

3. gr.

1. Í I. viðauka skal telja aðila sem ráðið hefur, skv. 2. gr. ákvörðunar 2014/145/SSUÖ, tilgreint sem ábyrga fyrir aðgerðum sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu og einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem tengjast þeim.
2. Í I. viðauka skal tilgreina ástæður þess að viðkomandi einstaklingar eða lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir eru færð á lista.
3. Í I. viðauka skulu vera nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.

4. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:
 - a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem taldar eru upp í I. viðauka og aðstandenda á framfæri einstaklinganna, þ.m.t. greiðslur vegna

matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og læknismeðferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,

- b) einungis ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun eða til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu,
- c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknunir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða
- d) nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að viðeigandi lögbært stjórnvald hafi kunngjört lögbærum stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni forsendurnar fyrir því að það telji að veita ætti sérstaka heimild, a.m.k. tveimur vikum áður en heimildin er veitt.

2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt skv. 1. mgr.

5. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag ákvörðunar gerðardóms, sem fyrir liggur fyrir þann dag þegar viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, er um getur í 2. gr., var skráð í I. viðauka, eða andlag ákvörðunar dómstóls eða stjórnvalds innan Evrópusambandsins eða ákvörðunar dómstóls sem er aðfararhæf í viðkomandi aðildarríki fyrir eða eftir þann dag,
- b) fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði einungis notaður til að uppfylla kröfur, sem þess háttar ákvörðun tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt henni, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila sem eiga slíkar kröfur kveða á um,
- c) ákvörðunin sé ekki í þágu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð í I. viðauka og
- d) viðurkenning ákvörðunarinnar stríði ekki gegn allsherjarreglu í viðkomandi aðildarríki.

2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt skv. 1. mgr.

6. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og að því tilskildu að greiðsla einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er skráð í I. viðauka, eigi að fara fram samkvæmt samningi eða samkomulagi, sem viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun gerðu, eða samkvæmt skuldbindingu, sem honum eða henni bar að sinna fyrir þann dag er einstaklingurinn, lögaðilinn, rekstrareiningin eða stofnunin hafði verið skráð í I. viðauka, geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, affrystingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs, að því tilskildu að viðkomandi lögbær stjórnvöld hafi komist að raun um:

- a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður skuli notaður sem greiðsla af hálfu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð í I. viðauka og
- b) að greiðslan sé ekki brot á ákvæðum 2. mgr. 2. gr.

2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt skv. 1. mgr.

7. gr.

1. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. koma ekki í veg fyrir að fjármála- eða lánastofnanir, sem taka við fjármunum sem þriðju aðilar yfirfæra inn á reikninga einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem eru á skrá, færi þá sem tekjur inn á frysta reikninga, að því tilskildu að það viðbótarfé sem þannig er innfært sé einnig fryst. Hlutaðeigandi fjármála- eða lánastofnun skal tilkynna viðkomandi lögbæru stjórnvaldi um þess háttar viðskipti án tafar.

2. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. gildir ekki um viðbætur eftirtalinna fjármuna við frysta reikninga:

- a) vaxta eða annarra tekna af fyrrnefndum reikningum,
- b) greiðslna samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag þegar viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem um getur í 2. gr., var færður á lista í I. viðauka eða
- c) greiðslna, sem inna ber af hendi samkvæmt ákvörðunum dóms, stjórnáskráningu eða gerðardóms sem teknar eru í aðildarríki eða eru aðfararhæfar í viðkomandi aðildarríki,

að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur séu fryst skv. 1. mgr. 2. gr.

8. gr.

1. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu, með fyrirvara um gildandi reglur um skýrslugjöf, trúnaðarkvöð og þagnarskyldu:

- a) beina, án tafar, öllum upplýsingum, sem myndu greiða fyrir því að unnt sé að fara að ákvæðum reglugerðar þessarar, t.d. upplýsingum um reikninga og fjárhæðir, sem eru fryst skv. 2. gr., til viðkomandi lögbærra stjórnvalda í því aðildarríki þar sem þeir eða þær hafa heimilisfesti eða eru staðsettir eða staðsettar, og senda framkvæmdastjórninni þessar upplýsingar milliliðalaust eða fyrir atbeina aðildarríkisins og
- b) vinna með lögbæra stjórnvaldinu að því að sannreyna þessar upplýsingar.

2. Allar viðbótarupplýsingar, sem framkvæmdastjórnin veitir viðtöku beint, skulu gerðar aðgengilegar aðildarríkjunum.

3. Allar upplýsingar, sem eru láttnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.

9. gr.

Lagt skal bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að þær aðgerðir, er um getur í 2. gr., séu sniðgengnar.

10. gr.

1. Ef fjármunir eða efnahagslegur auður er frystur, eða ef synjað er um aðgang að fjármunum eða efnahagslegum auði, í góðri trú, á þeirri forsendu að slík aðgerð sé í samræmi við reglugerð þessa, bera þeir einstaklingar, lögaðilar eða rekstrareiningar eða stofnanir, sem annast framkvæmd slíkrar aðgerðar eða hlutaðeigandi stjórnendur eða starfsmenn, ekki ábyrgð af neinu tagi, nema sannað þygi að fjármunirnir og hinn efnahagslegi auður hafi verið frystir eða synjað hafi verið um aðgang að þeim af gáleysi.

2. Aðgerðir einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana skapar þeim ekki ábyrgð af neinu tagi, ef þeir eða þær vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága við þau bönn sem sett eru í þessari reglugerð.

11. gr.

1. Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum sem aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, hafa áhrif á að því er framkvæmd þeirra varðar, með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar ámóta kröfur, t.d. kröfur um skuldajöfnuð eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:

- a) tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem skráð eru í I. viðauka,
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra aðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a-lið.

2. Þegar mál er til meðferðar vegna fullnægingar kröfu skal sönnunarbyrði vegna þeirrar fullyrðingar að eigi sé bannað eftir ákvæðum 1. mgr. að efna kröfuna hvíla á þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem leitar eftir því að kröfunni verði fullnægt.

3. Ákvæði þessarar greinar eru með fyrirvara um rétt þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, er um getur í 1. mgr., til að skjóta málum til dómstóla sem skeri úr um lögmæti þess að sammingsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við reglugerð þessa.

12. gr.

1. Framkvæmdastjórnin og aðildarríki skulu upplýsa hvert annað um þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvert öðru aðrar upplýsingar sem máli skipta og þau búa yfir í tengslum við reglugerð þessa, einkum upplýsingar:

- a) um frysta fjármuni skv. 2. gr. og heimildir sem veittar eru skv. 4., 5. og 6. gr.,
- b) um brot á ákvæðum hennar og vandkvæði samfara framkvæmd hennar, ásamt upplýsingum um dóma innlendra dómstóla.

2. Aðildarríkin skulu tafarlaust upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um aðrar viðeigandi upplýsingar sem þau búa yfir og gætu haft áhrif á skilvirka framkvæmd reglugerðar þessarar.

13. gr.

Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að breyta II. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té.

14. gr.

1. Ákveði ráðið að þær ráðstafanir sem um getur í 2. gr. skuli varða einstakling eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, skal það gera viðeigandi breytingar á I. viðauka.

2. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína, m.a. ástæðu þess að viðkomandi er færður á lista, þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, er um getur í 1. mgr., annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

3. Komi fram athugasemdir eða séu ný, traust gögn lögð fram skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa hlutaðeigandi einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.

4. Endurskoða skal listann í I. viðauka með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti.

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um reglurnar, sem um getur í 1. mgr., strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

16. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna þau lögbæru stjórnvöld er um getur í reglugerð þessari og tilgreina þau á vefsetrunum sem talin eru upp í II. viðauka. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á vefköngum vefsetra sinna sem eru talin upp í II. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hver lögbær stjórnvöld þeirra eru, m.a. um hvernig ná má sambandi við þau, strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

3. Sé gerð krafa, samkvæmt reglugerð þessari, um að senda framkvæmdastjórninni tilkynningar eða upplýsingar eða hafa samband við hana á annan hátt skulu heimilisfang og aðrar samskiptaupplýsingar, sem nota skal til slíkra samskipta, vera þau sem gefin eru upp í II. viðauka.

17. gr.

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yfíráðasvæði Evrópusambandsins, þ.m.t. í loftrými þess,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern aðila innan eða utan yfíráðasvæðis Evrópusambandsins sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- d) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, innan eða utan yfíráðasvæðis Evrópusambandsins, sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- e) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun að því er varðar viðskipti sem fara fram, að öllu leyti eða að hluta, innan Sambandsins.

18. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. mars 2014.

Fyrir hönd ráðsins,
C. ASHTON
forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

I. VIÐAUKI

Listi yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir er um getur í 2. gr.

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í viðauka við ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1.

II. VIÐAUKI

Vefsetur þar sem veittur er aðgangur að upplýsingum um lögbær stjórnvöld og heimilisfang þar sem tekið er við tilkynningum til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Viðaukinn er ekki birtur hér þar sem hann á ekki við, sbr. f-lið 3. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu.